


Hafgýgur endurskrifað



Það var einu sinni í **fyrndinni** konungur og drottning í ríki sínu sem áttu eina dóttur. Þegar hún fæddist þá **fóru** nornir með **jóðmæli** fyrir hana að **vana forntíðarinnar**. *Gáfu þær henni marga hamingju: fagran vöxt og fríðleika, auðsæld og gott gjaforð. Reiddist þá ein nornin því henni þótti stúlkan fá of mikið í gjöf og lagði því á hana álög til að jafna það út.* Þegar stúlkan giftist þá mundi hún breytast í sjóskrímsli níundu hverja nótt. Aðeins er hægt að létta álögunum ef enginn verður þess **vís** í þrjú ár eftir brúðkaupið. Ef upp kæmist um **hamskipti** hennar þá mætti eiginmaður hennar ekki gera það **opinbert**, reiðast henni né týna **ást** sinni við hana. Annars myndi hún **steypast** í sjóinn sem sjóskrímsli og aldrei úr þeim **ánauðum** komast. Hinsvegar þá myndi hún vera með svo fagra söngrodd að hún gæti svæft allar **skepnur**.

Mær þessi **ólst** upp í ríki föður síns með fegurð og **sóma**. Þótti öllum vænt um hana og var vinsæl hjá **alþýðunni**. Þegar hún var orðin nógu gömul giftist hún ágætum konungssyni. Bjuggu þau saman í tvö ár og á hverri níundu nótt hvarf hún úr **hvílu** hans. Á þriðja ári tók konungssonur loks eftir því að hún væri reglulega að hverfa og ákvað að veita henni **eftirför**. Hélt hún til sjávar að helli einum eins og svo oft áður. Konungssonur elti en þegar hann kom að hellinum sér hann hvar hún er að synda í vatni í hellinum. Var hún þá maður niður að mitti en fyrir neðan var hún með sporð eins og fiskur. Sneri hann þá heim í **rekkju** sína. Þegar prinsessan kemur aftur og ætlar að leggjast í **rekkju** hjá bónda sínum þá bregst hann illa við. *Hann skipar henni, illum ormi, að fara burt og koma aldrei aftur. Fór hún þá aftur að hellinum og grét sáran því nú myndi hún vera hafgýga upp frá þessu.* Þegar hún breyttist í hafgýgu í síðasta sinn þá var hún **þunguð** og fæddi börnin sín í sjónum. Frá henni eru allar **margýgur** komnar og eiga þær það til að syngja fyrir unga sjómenn.